

2017 nr. 24 19. maí**Lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármála-
markaði¹⁾**

¹⁾ 5. gr. laganna var breytt með l. 91/2019, X. kafla; breytingin tekur gildi 1. jan. 2020 skv. 136. gr. s.l.

Tóku gildi 23. maí 2017. EES-samningurinn: IX. viðauki reglugerð 1092/2010, 1093/2010, 1094/2010, 1095/2010, 1022/2013. Breytt með: L. 91/2019 (taka gildi 1. jan. 2020 nema 133. gr. sem tók gildi 16. júlí 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Tilgangur.

□ Tilgangur laga þessara er að lögfesta evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Eftirlitskerfinu er ætlað að vernda hagsmuni almennings og fjármálamarkaðarins með því að stuðla að stöðugleika og heilbrigði fjármálakerfisins á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

■ 2. gr. Evrópskar eftirlitsstofnanir.

□ Evrópskar eftirlitsstofnanir samkvæmt lögum þessum eru eftirfarandi:

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA).
2. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA).
3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA).
4. Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB).

■ 3. gr. Lögfesting.

□ Ákvæði eftirfarandi reglugerða, eins og þær voru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2016, 200/2016, 201/2016 og 198/2016 frá 30. september 2016, sem eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 13 frá 23. febrúar 2017, bls. 1–35, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1022/2013 frá 22. október 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) að því er varðar sérstök verkefni sem Seðlabanka Evrópu eru falin, sem eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 599–634 og bls. 354–363.

2. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 635–670.

3. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlits-

stofnunin), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 671–706.

4. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun Evrópska kerfisáhætturáðsins, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 343–353.

■ 4. gr. Eftirlit.

□ Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit samkvæmt lögum þessum í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

□ Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer nánar samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita ákvæðum þeirra laga við framkvæmd eftirlits og vegna samvinnu við Eftirlitsstofnun EFTA og evrópskar eftirlitsstofnanir samkvæmt lögum þessum.

■ 5. gr. Upplýsingagjöf til evrópskra eftirlitsstofnana.

□ Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, öðrum stjórnvöldum, einstaklingum og lögaðilum er heimilt að veita evrópskum eftirlitsstofnunum upplýsingar og gögn, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum eða öðrum lögum, vegna framkvæmdar eftirlits. Heimildin nær einnig til gagna sem háð eru þagnarskyldu samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eða á grundvelli annarra laga.

□ Evrópskum eftirlitsstofnunum er heimilt að veita Eftirlitsstofnun EFTA eða eftir atvikum öðrum stofnunum innan Evrópska efnahagssvæðisins aðgang að upplýsingum skv. 1. mgr. með sömu takmörkunum og þar greinir.

■ 6. gr. Upplýsingagjöf til stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Stjórnvöldum, einstaklingum og lögaðilum er skylt að láta Eftirlitsstofnun EFTA, EFTA-dómstólnum eða eftir atvikum öðrum stofnunum innan Evrópska efnahagssvæðisins í té allar þær upplýsingar og gögn sem stofnunum þessum eru nauðsynleg til að þeim sé unnt að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist markaðsaðila um sömu upplýsingar og segir í 1. mgr. og getur sett skilafrest í því sambandi.

■ 7. gr. Aðfararhæfi.

□ Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómur og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

■ 8. gr. Reglugerð.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

■ 9. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ 10. gr. Breyting á öðrum lögum. . .